

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

9. gr. orðast svo:

9. gr.

Greiðslur fyrir læknisvottorð.

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- a. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
- b. Kr. 350 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
- c. Kr. 700 fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur), vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna vistunar sjúklings erlendis (siglinganefnd), sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands.
- d. Kr. 800 fyrir læknisvottorð vegna umsóknar um styrk til kaupa á bifreið fyrir fatlaða.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

- a. Kr. 350 fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum.
- b. Kr. 700 fyrir vottorð vegna sjúkranuðs.
- c. Kr. 1.200 fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisáðgerðir og alþjóða-ónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarþúða, undanþágu til bílbeltanotkunar, vegna veitingar ökuleyfis, dagmóðurstarfa og endurgreiðslu ferðakostnaðar, svo sem ferðarofs, og til skattyfirvalda.
- d. Kr. 1.700 fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum, umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða, andláts (dánarvottorð), fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðar.
- e. Kr. 3.000 fyrir vottorð vegna byssuleyfis, skóla erlendis, og um heilsufar eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda.
- f. Fyrir vottorð til lögmanna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, tryggingafélaga vegna líftrygginga eða umsókna um örorkubætur, lögreglu, sýslumanna, vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi og dvalar eða starfa erlendis skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 2.500 fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð skv. 1. og 2. mgr. skulu renna til heilbrigðisstofnunar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.